

## MINNISBLAÐ

### DAGS.

26.03.2024

### SENDANDI

Albert Skarphéðinsson, EFLU  
Helga Magnadóttir, EFLU

### MÁLEFNI

Umferðaröryggisrýni og umferðargreining vegna uppbyggingar á Jaðarsbökkum

### DREIFING

Halla Marta Árnadóttir  
Sigurður Páll Harðarson

## SAMANTEKT

- Að beiðni Akraneskaupstaðar hefur EFLA framkvæmt umferðaröryggisrýni auk umferðargreiningar á fimm gatnamótum í grennd við íþróttasvæðið og grunnskólann á Akranesi vegna vinnu við skipulagsáform að Jaðarsbökkum.
- Aðgengi og öryggi innan sjálfs íþróttasvæðisins er gott, en ganga þarf úr skugga um að aðkoma að svæðinu sé einnig viðunandi hvað varðar umferðaröryggi.
- Öryggi óvarðra vegfarenda er mikilvægast þar sem gera má ráð fyrir miklum fjölda barna á svæðinu.
- Brýnt er að tryggja öruggar þveranir óvarðra vegfarenda yfir akbrautir og inn- og útkeyrslur bílastæða.
- Skýra þarf nánar útfærslu og fjölda hjólastæða og rústustæða auk aðkomu neyðarbifreiða.
- Áhrif uppbyggingar hótels og heilsulindar auk stækkunar íþróttasvæðisins og grunnskólans á umferðarflæði á nærliggjandi götum var kannað með umferðargreiningarforritinu Capcal.
- Umferðargreiningin sýnir að tafir vegna uppbyggingarinnar verða hverfandi litlar og þjónustugráða allra gatnamótanna helst óbreytt frá núverandi mynd.

## Inngangur

Við Jaðarsbakka á Akranesi er íþróttasvæði og sundlaug. Vinna við nýtt skipulag á reitnum er hafin en gert er ráð fyrir að bæta við 100 herbergja hóteli, heilsulind og líkamsrækt auk þess sem sundlaugin verður stækkuð og íþróttasvæðið tekur breytingum (mynd 1). Þá er einnig fyrirhugað að stækka grunnskólann, Grundaskóla.

Að beiðni Akraneskaupstaðar hefur EFLA rýnt tillögu að deiliskipulagi með tilliti til umferðaröryggis og framkvæmt umferðargreiningu á fimm gatnamótum í grennd við svæðið til að meta áhrif uppbyggingarinnar á umferðarflæði.



**MYND 1** Tillaga að nýju skipulagi á Jaðarsbökkum.

## Umferðaröryggisrýni

Tillaga að nýju skipulagi á Jaðarsbökkum hefur verið rýnd með tilliti til umferðaröryggis og aðgengis.

Íbúafundur hefur verið haldinn af hálfu Akraneskaupstaðar varðandi umferð og aðgengi nýs skipulags á Jaðarsbökkum þar sem íbúar komu með ábendingar og vangaveltur varðandi skipulagið. Athugasemdirnar voru einnig skoðaðar og þeim svarað eftir fremsta megni.


### Tillaga að uppbyggingu – rýnd m.t.t. umferðaröryggis

Þar sem gera má ráð fyrir töluverðri umferð gangandi og hjólandi barna um svæðið er sérlega mikilvægt að tryggja öryggi óvarinna vegfarenda, sér í lagi milli grunnskólans og íþróttasvæðisins. Á þeim hluta Innnesvegur sem liggur meðfram íþróttasvæðinu er 30 km/klst hámarkshraði, og akbrautin þrengd beggja vegna lækkunar hámarkshraðans. Á milli þrenginganna er vegurinn hins vegar beinn og breiður, og býður því upp á að ekið sé hraðar en leyfilegt er. Í leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gönguþveranir segir: „Við helstu leiðir barna í skóla og frístundir er mikilvægt að hámarkshraði ökutækja sé takmarkaður við 30 km/klst. Leitast ætti við að hanna götur við slíkar leiðir þannig að raunhraði sé ekki hærrí en 35 km/klst.“<sup>1</sup> Hraðatakmarkandi aðgerðir, svo sem fleiri þrengingar eða hraðahindranir, gætu verið nauðsynlegar til að draga úr raunhraða á Innnesvegi. Hafa þarf þó í huga að strætó ekur um Innnesveg og velja aðgerðir sem henta.

Tryggja þarf aðgengi og öryggi óvarinna vegfarenda yfir Innnesveg, og passa að þveranir séu staðsettar á eðlilegum gönguleiðum, ellegar aukast líkur á að gangandi vegfarendur þveri veginn þar sem engin gönguþverun er til staðar. Leiðbeiningar Vegagerðarinnar um gönguþveranir (2014) kveða á um að við hámarkshraða 30 km/klst. sé merkt gangbraut, með skiltum (D02.11) og hvítum röndum í jörðu, heppilegasta þverunin.

<sup>1</sup> Vegagerðin, 2014. *Gönguþveranir – Leiðbeiningar*.

Meðfram skipulagssvæðinu er fjöldi inn- og útkeyrsla að bílastæðum sem þvera göngu- og hjólastíga meðfram Innnesvegi og Garðabraut. Skv. leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gönguþveranir ætti að staðsetja gönguþverun <2 m eða >6 m frá gatnamótum<sup>2</sup>. Leiðbeiningar um hjólréiðar kveða á um >6 m frá gatnamótum<sup>3</sup>. Hvorugt er uppfyllt á göngu- og hjólastígnum meðfram Innnesvegi í dag. Þetta má leysa með tiltölulega auðveldum hætti með því að leggja lykkju á göngu- og hjólastíginn við þveranirnar (mynd 2). Að sama skapi ætti að merkja þveranirnar í götu, t.d. með öðru yfirborðsefni, til að vekja athygli ökumanna á þverununum. Oft eru þveranir af þessu tagi upphækkaðar til að tryggja lágan hraða bíla yfir þær. Núverandi þveranir liggja hins vegar í sömu hæð og inn- og útkeyrslurnar og því yrði þá að hækka stíginn með aflíðandi halla beggja megin þverananna. Þar að auki er hraði bifreiða á leið inn og út af bílastæðum alla jafna lágur, því er ekki talið nauðsynlegt að hafa þveranir yfir inn- og útkeyrslur bílastæðanna upphækkaðar.



**MYND 2** Vinstri: Þveranir göngu- og hjólastígs yfir inn- og útkeyrslur við Innnesveg uppfylla ekki leiðbeiningar Vegagerðarinnar um gönguþveranir. Hægri: Leggja má lykkju á stíginn til að uppfylla leiðbeiningar Vegagerðarinnar. Mynd: Vegagerðin.

Þá þarf að ganga úr skugga um að lýsing á göngu- og hjólaleiðum sé viðunandi. Þetta er sérlega mikilvægt við þveranir óvarðra vegfarenda yfir akbrautir og inn- og útkeyrslur af bílastæðum. Við Innnesveg og Garðabraut er engin lýsing á göngu- og hjólastígnum, einungis yfir akbrautinni, en þveranir yfir vegina eru ágætlega upplýstar. Skoða ætti möguleikann á að bæta við lýsingu við þveranir yfir inn- og útkeyrslur að bílastæðum við ípróttasvæðið, og jafnvel við fjölfarna göngu- og hjólastíga. Við Garðabraut má bæta lýsingu stíganna á tiltölulega auðveldan hátt, með því að bæta við ljósakeri aftan á ljósastaura sem þegar eru til staðar. Hluti göngu- og hjólastígsins meðfram Langasandi, sunnan við skipulagssvæðið, er óupplýstur. Til að bæta öryggistilfinningu vegfarenda um stíginn ætti að koma upp lýsingu á þeim hluta stígsins.

Vestast í skipulagssvæðinu er botnlangagatan Jaðarsbraut. Skv. gildandi deiliskipulagi (frá 2005) er við enda götunnar bílastæði með 34 stæðum og gönguleiðin liggur þvert yfir og utan um stæðið (mynd 3). Svæðið er hins vegar ekkert merkt í dag og erfitt er að átta sig á aðstæðum. Auk akbrautar liggja þrjár aðkomuleiðir óvarðra vegfarenda að bílastæðinu. Mælt er með að endurskoða fyrirkomulag á staðnum, með öryggi óvarðra vegfarenda í huga.

<sup>2</sup> Vegagerðin, 2014. *Gönguþveranir – Leiðbeiningar*.

<sup>3</sup> Vegagerðin og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, 2019. *Hönnunleiðbeiningar fyrir hjólréiðar – Leiðbeiningar sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins og Vegagerðarinnar*.



**MYND 3** Fyrir botni Jaðarsbrautar mætast ómerkt bílastæði, akbraut og þrjár leiðir óvarðra vegfarenda. Uppdráttur gildandi deiliskipulags til hægri.

Hugmynd hefur verið uppi á borðinu um að loka Innnesvegi fyrir akandi umferð milli Víkurbrautar og Garðabrautar. Árið 2018 var gerð umferðargreining á þessum möguleika, sem sýndi að þessi aðgerð yki umferð um Garðagrund og Víkurbraut um 50-250%<sup>4</sup>. Bílaumferðin minnkar ekki við lokun vegarins, heldur færirst hún yfir á Garðagrund og Víkurbraut og veldur líklega auknum töfum á Víkurbraut, sér í lagi við vinstri beygju út á Garðagrund. Þá hafa fá umferðarslys orðið á svæðinu á síðustu 15 árum. Ávinningur af lokun Innnesvegjar telst því óverulegur, frekar ætti að beita hraðatakmarkandi aðgerðum á veginum til að tryggja lágan raunhraða.




**MYND 4** Inn- og útkeyrslur bílastæðanna liggja á skjön hver við aðra.

Tillagan gerir ráð fyrir nýju bílastæði norðan við Innnesveg, strax vestan grunnskólans. Tvær inn- og útkeyrslur liggja að bílastæðinu, og inn- og útkeyrsla að bílastæði hinum megin Innnesvegjar liggur á milli þeirra, sjá mynd 4. Öryggisins vegna væri heppilegra að staðsetja inn- og útkeyrslurnar þannig að þær séu beint á móti hvorri annarri, norðan og sunnan við veginn, og myndi þannig hefðbundin fjögurra arma gatnamót. Þá mætti íhuga að haga inn- og útakstri af nýja bílastæðinu þannig að önnur aðkoman sé einungis fyrir innkeyrslu og hin fyrir útkeyrslu, með tilheyrandi merkingum.

<sup>4</sup> Albert Skarphéðinsson, 2018. *Greining á umferð vegna lokunar Innnesvegs við Jaðarsbakka*. Mannvit verkfræðistofa.

Í dag er biðstöð fyrir strætó um það bil á þeim stað sem inn- og útkeyrsla nýja bílastæðisins er fyrirhuguð. Finna þarf stöðinni nýjan stað, með góðu aðgengi að gönguleiðum að íþróttasvæðinu og grunnskólanum. Lagt er til að biðstöðin verði færð um 50 metra í suðausturátt, milli fyrirhugaðra göngubverana yfir Innesveg. Þannig eru minnstar líkur á að farþegar strætisvagnsins á leið að íþróttasvæðinu þveri veginn utan skilgreindra göngubverana. Sjá mynd 5, rauða svæðið markar núverandi biðstöð, og það græna er tillaga að nýrri staðsetningu biðstöðvarinnar.



**MYND 5** Lagt er til að biðstöð strætó verði færð.

Engin hjólastæði eru merkt inn á skipulagstillöguna. Mikilvægt er að bjóða hágæða hjólastæði (þar sem hægt að læsa stelli hjóls tryggilega) nálægt aðalinngöngum íþróttasvæðisins til að hvetja notendur til að koma hjólandi í stað akandi. Mælt er með að nýta reglur Reykjavíkurborgar um fjölda hjólastæða til viðmiðunar, en þar er kveðið á um 15-30 hjólastæði á hverja 100 gesti íþróttavalla og sundlauga, þar sem 20% stæða séu í læstu rými og 80% sem næst inngangi gesta<sup>5</sup>. Þar sem mögulegt er skal leitast við að staðsetja hjólastæði nær inngöngum en bílastæði.

Fyrirkomulag bílastæða við íþróttasvæðið breytist að einhverju leyti samkvæmt deiliskipulagstillögu. Fjöldi bílastæða helst þó svipaður og er á núverandi íþróttasvæði. Helsta breytingin er sú að bílastæðum austan við höllina fjölgar (úr um 50 í um 100) og vestan hallarinnar fækkar þeim, að mestu leyti vegna brotthvarfs malarstæðis við sundlaugina.

Gera má ráð fyrir að hluti iðkenda á íþróttasvæðinu komi með rútum. Í dag eru rúrustæði fyrir framan inngang sundlaugarinnar en í deiliskipulagstillögunni eru engin merkt rúrustæði. Gera ætti ráð fyrir aðstöðu fyrir nokkrar rútur, t.d. innan bílastæðanna eða meðfram Innesvegi, ef fyllsta umferðaröryggi er gætt og stæðin beintengd eðlilegum gönguleiðum að íþróttasvæðinu.

Önnur grein í kafla 9.8 Byggingarreglugerðar kveður á um að á lóðum skuli vera greið aðkoma fyrir sjúkra- og slökkvibifreiðar<sup>6</sup>. Þar er einnig að finna leiðbeiningar um aðkomu slökkviliðs og björgunarsvæða út frá gerð og stærð bygginga, mikilvægt er að aðkoma neyðarbifreiða við Jaðarsbakka verði í samræmi við þessi ákvæði.

### Ábendingar frá íbúum

Á íbúafundi varðandi umferð og aðgengi nýs skipulags á Jaðarsbökkum barst fjöldi ábendinga og vangavelta varðandi fyrirhugað fyrirkomulag á svæðinu. Hér að neðan er listi yfir ábendingarnar (*skáletraðar*) og svar við hverri ábendingu í punktaformi.

#### *Ekki malbik á alla stíga*

- Stígar á svæðinu eru malbikaðir eins og staðan er í dag, og verða það að öllum líkindum áfram.

<sup>5</sup> Reykjavíkurborg, 2024. *Reglur um fjölda bíla og hjólastæða í Reykjavík – Bíla- og hjólastæðastefna.*

<sup>6</sup> Byggingarreglugerð nr. 112/2012. *Kafla 9.8.2 – Björgunarsvæði og aðkoma.*

### *Aðskilda göngu- og hjólastíga við Langasand*

- Stígur er í dag um 2ja metra breiður sameiginlegur göngu- og hjólastígur. Skv. hönnunarleiðbeiningum Vegagerðarinnar og sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins um hjólreiðar (2019) ætti sameiginlegur göngu- og hjólastígur að vera að lágmarki 3 metrar en það fer eftir fjölda gangandi og hjólandi um stíginn hvort aðskilnaður sé talinn nauðsynlegur.
- Í núverandi deiliskipulagi svæðisins (frá 2005) kemur fram: „*Allir stígar skulu vera a.m.k. 3 m breiðir, að undanskildum 4 metra breiðum stígum umhverfis fjölnotahús. Þannig myndast nægilegt rými fyrir gangandi og hjólandi umferð sem og ökutæki.*“
- Breikka ætti stíginn svo hann verði 3 metrar að lágmarki, eins og gildandi deiliskipulag og leiðbeiningar Vegagerðarinnar gera ráð fyrir.

### *Stígur inn á og utan um svæðið*

- Innan skipulagssvæðisins liggur stígur meðfram Innnesvegi og Garðabraut (sunnan megin) og sjónum (Langasandi). Báðir stígar liggja að íþróttasvæðinu. Innan íþróttasvæðisins er gert ráð fyrir fjölda stíga og göngusvæða sem gerir gangandi vegfarendum kleift að hreyfa sig um allt svæðið. Stígarnir skulu vera aðgengilegir öllum, þ.m.t. hreyfihömluðum.

### *Tryggja gott aðgengi með stígum í gegnum æfingasvæðið*

- Göngustígar með góðu aðgengi verða um allt íþróttasvæðið auk stíga meðfram Innnesvegi, Garðabraut og Langasandi

### *Tryggja góða lýsingu við alla göngustíga, sérstaklega við Langasand*

- Göngu- og hjólastígurinn við Langasand er upplýstur meðfram íþróttasvæðinu. Mælt er með að bæta við lýsingu á stíginn á þeim hluta sem er óupplýstur í dag. Við allar þveranir óvarðra vegfarenda yfir akbrautir og bílastæði ætti að tryggja næga lýsingu.

### *Tryggja gott aðgengi milli Guðlaugar og sundlaugar - Samnýting*

- Gott aðgengi verður fyrir gangandi um allt skipulagssvæðið, þ.m.t. milli Guðlaugar, heilsulindar og sundlaugar.

### *Undirgöng á Innnesveginn*

- Við íþróttasvæðið er hámarkshraði 30 km/klst á Innnesvegi, og þar eru þrjár gönguþveranir; annars vegar tvær gangbrautir með skiltum og sebraröndum og hins vegar ljósastýrð gönguþverun. Skv. leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gönguþveranir ætti að setja merktu gangbraut á vegum þar sem hámarkshraði er 30 km/klst og búast má við fleiri en 40 gangandi og hjólandi vegfarendum á hámarksklukkustund eða ef mikill fjöldi barna fer um svæðið. Einungis er mælt með mislægri gönguþverun (þ.e. göng eða brú) þegar hámarkshraði er 60 km/klst eða meiri og mikil akandi umferð fer um veginn.
- Mikilvægara er að gera öikumönnum ljóst að gangandi/hjólandi eiga réttinn við þveranirnar, og leitast ætti við að framkvæma aðgerðir sem tryggja lágan raunhraða bílaumferðar, t.d. með þrengingum eða hraðahindrunum.

### *Loka Innnesvegi milli Víkurbrautar og Garðabrautar*

- Umferðargreining frá 2018 sýnir að umferðin minnkar ekki við lokun vegarins, heldur færast hún yfir á Garðagrund og Víkurbraut og veldur líklega auknum töfum á Víkurbraut. Fá slys hafa orðið á svæðinu og ávinningur af lokun Innnesvegar því óverulegur.

### *Gera botnlangagötu með hringtorgi og sleppistæðum*

- Sjá punkt að ofan varðandi lokun Innnesvegar.

#### *Gera hringtorg á gatnamót Innnesvegjar og Garðabrautar*

- Skv. umferðargreiningu (sjá neðar í þessu minnisblaði) eru tafir á gatnamótunum ekki nægilegar til að krefjast afkastameiri gatnamóta, t.d. hringtorgs.

#### *Fjöldi bílastæða og óskir um fjölgun þeirra*

- Fjórar vangaveltur varðandi fjölda bílastæða bárust á íbúafundinum. Hér er þeim öllum svarað í einu.
- Í dag eru um 220 bílastæði við íþróttasvæðið. Skipulagstillagan gerir ráð fyrir svipuðum fjölda.
- Í dag eru um 50 bílastæði austan við íþróttahöllina. Skv. tillögu að útfærslu verða þau um 100.
- Auk þessa eru stæði á Jaðarsbraut, við grunnskólann og við austurenda svæðisins.

#### *Öryggi barna í fyrirrúmi*

- Tryggja þarf að raunhraði á Innnesvegi verði ekki meiri en hámarkshraðinn; 30 km/klst.
- Tryggja þarf næga lýsingu á göngu- og hjólastígum, sér í lagi við þveranir óvarðra vegfarenda yfir akbrautir og bílastæði.

#### *Rútustæði við Jaðarsbraut*

- Engin rútustæði eru fyrirhuguð skv. deiliskipulagstillögu. Mælt er með að úr því verði bætt og rútustæðum komið fyrir innan skipulagssvæðisins.

#### *Aðkoma sjúkrabíla og slökkviliðs*

- Gera þarf ráð fyrir aðgengi neyðarbifreiða í skipulaginu.

## Umferðargreining vegna skipulagsáforma á Jaðarsbökkum

Verkefnið er að greina umferðaráhrif í nágrenninu af uppbyggingu við íþróttasvæðið á Jaðarsbökkum. Beitt er þeirri aðferð að greina umferð á næstu gatnamótum og spá fyrir um hvort og hvernig þjónustustig gatnamótanna breytist við framkvæmd skipulagsins.

### Umferðarrýmd á aðliggjandi gatnamótum

Til að kanna áhrif uppbyggingar á Jaðarsbökkum á umferðarrýmd svæðisins var framkvæmd umferðargreining á fimm nærliggjandi gatnamótum. Greiningin er framkvæmd þannig að umferð er talin á háannatíma á gatnamótunum og út frá því má finna þjónustustig gatnamótanna í dag. Þar næst er áætlaðri viðbótarumferð frá uppbyggingu bætt við og nýtt þjónustustig reiknað. Í töflu 1 má sjá almenna túlkun á þjónustustigi gatnamóta, þjónustustig A er best þar sem meðaltöf allra ökutækja á háannaklukkustund er undir 10 sekúndum. Mörkin þar sem huga þarf að afkastameiri gatnamótum en biðskyldugatnamót, er við þjónustugráðu C, eða meðaltöf allt að 35 sekúndum á hvert ökutæki.

Við útreikninga var notast við umferðargreiningarforritið Capcal þar sem reiknaðar eru meðaltafir ökutækja á háannatíma, annars vegar við núverandi aðstæður og hins vegar eftir fyrirhugaða uppbyggingu á Jaðarsbökkum. Niðurstöður útreikninga má sjá í fylgiskjali.

Alls fimm gatnamót voru greind norðan og norðaustan við skipulagssvæðið; Garðabraut/ Innkeyrsla við sundlaug (1), Innnesvegur/ Garðabraut (2), Innnesvegur/Víkurbraut (3), Garðagrund/Víkurbraut (4) og hringtorgið Bresatorg (5), þar sem Innnesvegur, Garðagrund og Blesaföt mætast, sjá mynd 6.

**TAFLA 1** Viðmið fyrir þjónustustig gatnamóta.


Þjónustustig	Meðaltöf per bíl á háannatíma
A	<10sek
B	10-20sek
C	20-35sek
D	35-55sek
E	55-80sek
F	>80sek



**MYND 6** Gatnamótin fimm sem greind voru.



Við útreikninga var stuðst við niðurstöður úr umferðartalningu frá 2018, en öll gatnamótin fimm hafa þjónustustig A miðað við þann umferðarþunga. Niðurstöður úr umferðartalningunni má sjá á einfaldri yfirlitsmynd, mynd 7.




**MYND 7** Einföld yfirlitsmynd með niðurstöðum umferðartalningar 2018. Svörtu tölurnar tákna fjölda ökutækja í hvora átt á háannatíma, bláu tölurnar tákna samanlagðan fjölda ökutækja á sólarhring í báðar akstursstefnur.

Fyrirhugaðri uppbyggingu á svæðinu mun fylgja aukin bílaumferð og sú aukning er áætluð með almennum ferðamyndunarstuðlum úr handbókinni *Trip Generation Handbook*. Gert er ráð fyrir nýju 100 herbergja hóteli, 2000 m<sup>2</sup> líkamsræktarstöð og heilsulind, þriðjungs fjölgun íþróttaiðkenda á íþróttasvæðinu, og 100 nemenda fjölgun í Grundaskóla. Tafla 2 sýnir áætlaða fjölgun ökutækja vegna uppbyggingarinnar, annars vegar á háannaklukkustund og hins vegar á sólarhring.

**TAFLA 2** Áætluð aukning bílaumferðar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar.

ÞJÓNUSTA	FJÖLGUN ÖKUTÆKJA Á KLST.	FJÖLGUN ÖKUTÆKJA Á SÓLARHRING
Hótel	67	892
Líkamsrækt og heilsulind	26	709
Grundskóli - stækkun	42	129
Íþróttahús - stækkun	44	565
<b>SAMTALS</b>	<b>179</b>	<b>2.295</b>

Þessi aukning dreifist um nærliggjandi gatnanet og gatnamót. Þar að auki hefur inn- og útkeyrslunni að íþróttahöllinni sem liggur fyrir miðju á Innnesvegi verið lokað og sú umferð þess vegna dreifst á þær inn- og útkeyrslur sem eftir eru. Áætlaða bílaumferð eftir uppbyggingu má sjá á mynd 8.



**MYND 8** Áætluð bílaumferð eftir fyrirhugaða uppbyggingu á svæðinu.

Umferð á háannatíma, annars vegar fyrir uppbyggingu og hins vegar eftir uppbyggingu, var greind í forritinu Capcal og meðaltöf allra ökutækja á hverjum gatnamótum fyrir sig reiknuð. Niðurstöður umferðargreiningarinnar (tafir og þjónustustig) fyrir hver gatnamót má sjá í töflu 3, og ítarlegri niðurstöður í viðauka.

**TAFLA 3** Umferðarrým gatnamótanna fimm.

Gatnamót	MEÐALTÖF ALLRA ÖKUTÆKJA (SEKÚNDUR)		ÞJÓNUSTUSTIG	
	2018	Framtíð	2018	Framtíð
1	0	1	A	A
2	4	4	A	A
3	4	4	A	A
4	2	3	A	A
5	6	6	A	A

Niðurstöður umferðargreiningarinnar sýna að þrátt fyrir aukningu á bílaumferð vegna uppbyggingar á Jaðarsbökkum verður lítil breyting á tölum og þjónustustig allra gatnamótanna fimm. Þjónustustigið er í flokki A í dag og verður A eftir uppbyggingu. Þjónustustig A þýðir að meðaltöf á hvert ökutæki á háannatíma er styttri en 10 sekúndur á hverjum gatnamótum fyrir sig. Því ætti ekki að vera þörf á afkastameiri lausnum á þessum gatnamótum.